




Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBOND VIÐ ADRAR STJÖRNUR 48. TBL. 10. ARG. SEPT. 1984



Líf er ekki líf til fulls, fyr en það er sama sem farsæld. *Helgi Pjeturss.*

Fjall hins eilífa ljóss

(Sjá forsiðumynd)

Stjörnufræðingurinn frægi Camille Flammarion (1842–1925), kallaði tindinn Epsilon, í fjallaklasanum Leibnitz a tunglinu, „*Fjall hins eilífa ljóss*“, og er sú nafngift ekki mjög fjarri raunveruleikanum.

Tindurinn Epsilon er nálægt suðurskauti tunglsins, og er einn þeirra fjallstinda, sem mesta athygli vekja á þeim slóðum. Vegna nálægðar hans við tunglpólinn er hann nær alltaf uppljómaður af skini sólar, hvernig sem stendur á kvartilskiptum tunglsins, héðan af jörð að sjá.

Hæð tindsins er milli 9000 og 10000 metrar, og er hann því allmiklu hærrí en hæsta fjall Jarðar, Everest, sem er 8845 metrar á hæð yfir sjávarmáli.

Margir af tindum Leibnitz-fjallgarðsins eru afar háir og oft eru þeir baðaðir ljósi sólar, þótt neðri hlutar þeirra og allt hið lægra umhverfi sé hulið skugga. Þegar svo stendur á, líta þeir út, í góðum sjónauka eins og ljómandi speglar svífandi lágt ofar yfirborði tunglsins og þykja þá einhver hin fegursta sjón. Sumir stjörnufræðingar nítjándu aldar, létu sér því til hugar koma að tindar þessir væru þaktir snjó, en svo er nú raunar ekki.

En ef svo má að orði kveða, að til sé á fylgihnetti okkar, tunglinu, „*Fjall hins eilífa ljóss*“, þá er eins víst að á pólsvæðum tunglsins fyrirfinnast einnig djúpir dalir, þar sem aldrei nýtur sólar og gætu því eins kallast „*Dalir hins eilífa myrkurs*“. Hvergi á tunglinu er heldur eins mikill kuldi og einmitt í slíkum dölum eða á slíkum láglandissvæðum.

Ingvar Agnarsson.

Myndin á forsiðu sýnir fjallstindinn Epsilon á tunglinu og dal einn í forgrunni, en á himni til vinstri við tindinn gefur að líta jörðina okkar, glitaða sólskini að nokkru en að nokkru af tunglskini.

Myndin er fengin úr bókinni *La Lune* eftir Virgilio Brenna.

Ingvar Agnarsson:

Huldufólkið og bústaðir þess

I.

Efnisheimurinn og lífið

HULDUFÓLK Á ÖDRUM BYLGJULENGDUM

Skemmtileg og athyglisverð grein, „Tilvera huldufólks“, var í Velvakanda Morgunblaðsins þann 28. júlí 1983, eftir Pál H. Árnason í Vestmannaeyjum, þar sem hann ræðir um efni greinar, er birtist í „Heima er bezt“, máíheftinu 1983, undir heitinu *Huldukaupstaðurinn í Hallandsbjörgum*“ í samantekt Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings, en í greinarlok getur hann m. a. um skýringar Helga Pjeturss á slíkum fyrirbærum. (Grein Páls birtist svo í HEB 3/84).

Páll reynir að skýra tilvist eða búsetu huldufólks á annan hátt, eða sem eðlilega þótt í hólum og klettum sé. Skýrir hann slíka búsetu huldufólks með mismunandi bylgjulengdum, sem allsstaðar séu til staðar í tilverunni, „þar sem hver og ein bylgjulengd, er sem sjálfstæður persónuleiki, ef svo má að orði komast“, og „þar sem sálfarendur fara í gegnum þétt og hörð efni, án þess að finna mótstöðu“. Og hann spyr: „Af hverju geta þá ekki verur á þeirri eða þvílíkum bylgjulengdum búið í því, sem við teljum heilt efni, eins og hólum og klettum?“*

* Þessar leturbreytingar eru mínar. I. A.

BYLGJULENGDIR DULHYGGJUMANNA

Þessi misskilningur um bylgjulengdirnar er lengi búinn að vera ofarlega á blaði eða sem einskonar óskaathvarf dulhyggjumanna. En sannleikurinn er sá, að eðlisfræðileg tilvera mismunandi bylgjulengda í geimnum, gefur mönnum alls ekkert tilefni til skilnings á þeim fyrirbærum sem hingað til hafa verið talin dulræn í eðli, svo sem huldufólk, sálfarir, o. s. frv.

Náttúrufræðilegar bylgjulengdir, sem hægt er að mæla með tækjum, eiga alls enga sjálfstæða tilveru. Bylgjulengd er ekki til í formi manns, kletts eða húss. Enginn hlutur hefur einhverja bylgjulengd í sjálfum sér.

MERKILEGASTA SETNING FORNALDAR

Plótín ritar þessa merkilegu setningu:

„Sérhver hlutur hefir í sér starfandi afl, sem er hans eftirmynd, svo að þegar hluturinn er, þá er einnig aflið, og þó að hluturinn sje kyr í sama stað, þá geisist aflið út frá honum, sumt lengra en sumt skemra“.

Þessari skoðun hefur enn ekki verið hnekkt.

BYLGJUTÍÐNI STAFAR FRÁ HLUTUM

Bylgjur og bylgjulengdir eru aðeins þau áhrif sem berast frá einhverjum efniskennendum hlutum. Án efnis eru því engar bylgjulengdir til, þær eru ávallt tengdar mælanlegu og áþreifanlegu efni. Hvert frumefni í heitu ástandi, eins og í sólunum, sendir frá sér ákveðna bylgjutíðni.

Með litrófsmælingum er hægt að finna frumefni og hlutfallsmagn hvers þeirra um sig, í ákveðnum stjörnum einnig hreyfingar og hraða stjarnanna. Bylgjutíðnin er mjög mismunandi, allt frá ósýnilegum ultrafjólubláum hátíðnigeislum niður í ósýnilega innrauða lágstíðnigeisla. Þeir geislar sem sýnilegir eru mannsauga taka aðeins yfir örmjótt tíðnisvið alls bylgjukvarðans. En, eins og áður sagði, eru allar bylgjur og öll geislan frá efni komnar, og því út í

bláinn að tala um að persónur, eða verur, eða einhverjir hlutir séu eintóm bylgjutíðni eða bylgjulengd (öldulengd). Mjög er mikilvægt að skilja þessi eðlisfræðilegu atriði tilverunnar, til að komast hjá þeim misskilningi, að einhverjar lifandi verur séu á einhverjum bylgjulengdum.*

Hitt er svo annað mál, að öll geislun, sem gengur út frá einhverjum hlut (í föstu, fljótandi eða loftkenndu ástandi) leitast við að skapa ástand hjá móttakandanum, hliðstætt ástandi sendandans. Öll vitum við um slíka gagnverkun milli senditækis og móttökutækis varðandi síma, útvarp og sjónvarp. Og er sólin sendir hitageisla sína til jarðarinnar, þá myndast hér hliðstætt ástand og á sólunni, þótt í milljónum sinnum minna mæli sé.

LÍFGEISLAN – FJARHRIF – FJARSKYNJUN

Sama er hægt að segja um hugsanaflutning. Maður getur skynjað hugsun þess er hana sendir og skiptir þá engu hvort sendandinn er nágranni, samstirningur í fjarlægð, eða jafnvel íbúi annars hnattar. Hér er það lífgeislun sem á sér stað, og hvorki fjarlægð eða efni virðist hafa hindrandi áhrif á framkomu hennar.

Lífgeislan virðist einnig hafa tilhneigingu til að framleiða sendandann í návist móttakandans. Fyrirbæri eins og tvífarar og líkamningar eru þess háttar fyrirbæri.

Stundum mun það hafa borið við, að huldufólkið hafi líkamnast (efnast, materialiserast) hér og eru ýmsar sagnir slíkar, út þjóðsögum og frá núlifandi fólki, svo að ætla má, að slík hafi verið raunin í vissum tilvikum. Íslendingar munu um aldir hafa haft all nán samskipti við huldufólk, sem þá hefur verið og er enn, sambandsþjóð okkar á öðrum hnetti eða hnöttum. Og líklega er hér um að ræða fólk á

**Öldulengd: Röðin er háð öldulengd ljósgeislanna: rauðir geislar hafa lengsta öldulengd, en bláir skemmsta. Litrófið nær yfir hinn sýnilega hluta rafrófsins, sem er miklu umfangsmeira.*

Rafróf: safn allra tegunda af raföldum, raðað eftir tíðni eða bylgjulengd í eina samfellu. Minnsta tíðni hafa útvarpsbylgjur, síðan koma ljósbylgjur, en mesta tíðni hafa háorkubylgjur (röntgengeislar og gammageislar). (Úr Stjörnufræði og rúmfræði eftir Þorstein Sæmundsson).

frumlífshnetti, og mun lítið lengra komin vera í tækni-
menningu, en við hér.

En fjarskynjan er einnig eðli lífgeislunarinnar. Ófreskir
menn geta stundum séð það sem gerist í fjarlægð, og þá
venjulega vegna sambands við annan mann sem þar er
staddur.

Komum þá aftur að huldufolkinu og hugsanlegum skýr-
ingum á því, hversvegna og hvernig það getur stundum
birst jarðneskum mönnum.

Frá náttúrufræðilegu sjónarmiði virðist mér nær óhugs-
andi, að huldufólk lifi í klettum og hólum eða að það stundi
ýmis konar búsyслу mitt á meðal okkar mannanna.

Sagnir bera einnig með sér, að ekki er allt sem sýnist í
fljótu bragði.

Tökum dæmi: Tveir menn eru á ferð. Annar sér ljós í
kletti, en hinn getur ekkert ljós séð.

ÁLFABYGGÐIR OG ÁLFALANDSLAG

Maður er á ferð og sér huldubyggðir. En jafnframt því,
sem hann sér og horfir á hið jarðneska landslag í umhverf-
inu, þá sér hann einnig annað landslag, álfalandslag, þ. e.
önnur fjöll, ár, kletta og hóla og mannabústaði. Og hann
sér, að þessir álfabústaðir tilheyra einmitt álfalandslaginu,
en ekki sínu venjulega umhverfi. Hvaða aukaumhverfi er
það, sem skyggni maðurinn sér? Hvaða skýring gæti verið
nærtækari en sú, að hér sé um fjarskyggni að ræða, að
hinum skyggna manni hafi um stund gefið sýn til fjarlægs
staðar? Og er þá ekki líklegast að sá staður sé á einhverjum
byggðum hnetti í öðru sólhverfi? Það, að hulduverurnar
eru oft ólíkar að útliti jarðarmönnum, gefur einmitt tilefni
til að ætla slíkt.

Slíkt tvöfalt landslag mun ekki vera óalgengt meðal sjá-
enda.

Spyrjið ófreskan mann eða konu um þessi atriði, og þið
munuð komast að raun um, að ég er hér að fara með rétt
mál.

Sjáendur huldufólksbyggða hafa líka tekið eftir því, að
oft er annað veðurfar meðal huldufólks en gerist í okkar

umhverfi. Þar getur verið dimmviðri, þótt hér sé sólskin, og þar getur verið bjartviðri þótt hér sé alskýjað og leiðinda-veður. Spyrjið sjáendur og þið munuð sannfærast.

HULDULJÓÐ

Sjáendur fyrri tíða skynjuðu og skildu glöggð hinn mikla mun veðurfars og annarra umhverfisþátta hjá huldufólki og mönnum. Um það vitna eftirfarandi vísur, sem álfkona kveður við mennskan mann, þar sem hún er að lýsa ýmsum umhverfisþáttum, sem ekki fara saman í hennar heimi og okkar:

*Eg er úr
álfa löndum
en þú ert maður
úr miðhluta heimi.*

*Þá haustar hér
og herðir að vetri,
þá vorar þar
vanda eftir.*

*Þá hér er sjór
með syrpuátum,
þá er þar himinn
með heiði og skýjum.*

Hér lýsir álfkonan (sem vera mun íbúi annars og fullkomnari lífhattar) öðru og betra veðurfari en hér er, en einnig því að árstíðir fara ekki saman þar og hér.

Þá er og athyglisvert, að hún segist vera úr *álfa löndum* og má vel skilja að hún telji sinn heim betri en okkar, sem hún kallar *miðhluta heim*.

Í *Eddum* er talað um *Miðgarð* sem mannheim, þ. e. heim frumlífsmannkynja, og mun álfkonan í kvæðinu eiga við hið sama, þar sem hún talar um *miðhluta he m*.

Þótt ekki haldi ég því fram, að áðurgreint ljóð feli í sér einhverja sönnun þess, sem ég var að reyna að rökstyðja, þá styður það óneitanlega ýmsar þær frásagnir aðrar, sem nútíma sjáendur huldufólks hafa fram að færa um álfa og álfabyggðir, þ. e. að þar sé alls ekki um byggð slíkra vera að

ræða í okkar umhverfi og okkar jarðheimi, heldur sé þar verið að lýsa byggð annars mannkyns eða annarra mannkynja á öðrum stjörnum.

Um aldir hafa Íslendingar haft mikil sambönd við huldufólk. Þar mun vera um að ræða þjóð eða þjóðir, sem að ýmsu líkjast mjög okkur jarðarbúum að útliti og í ýmsum háttum, atvinnu, hýbýlum o. s. frv.

II.

Aðrar sögur um huldufólk

Til þess að færa nú meiri líkur fyrir þeim skoðunum mínum, sem fram komu hér á undan, þá ætla ég enn að tilfæra tvær frásagnir, sm nútíma sjáendur hafa sjálfir látið mér í té.

SÝNIR MATTHÍASAR

Við Þorsteinn Guðjónsson áttum eitt sinn tal við mann ættaðan frá Hellissandi, að nafni Matthías. Sagði hann okkur margt athyglisvert af sýnum sínum, sem flestar voru í vökuástandi. Samkvæmt skilningi mínum má rekja þær flestar til sambands við verur á öðrum hnöttum.

Mjög mikið og náíð samband sagðist Matthías hafa haft við huldufólk, að því hann ætlar. Huldumeyjar sagði hann hafa komið upp í rúm til sín og samrekkst sér, og hafi þær verið fullkomlega raunverulegar viðkomu eða mennskar. Sagði hann, að þetta hafi oftast gerst, er hann var háttaður en varla að fullu sofnaður, að því er hann telur og bendir þetta til mjög náinnar samskynjunar við einhvern annan, sem raunverulega hefir fengið konu í rúm til sín.

Stundum sagðist Matthías hafa séð eins og tvöfalt landslag, þegar hann var úti staddur, og er það sérstaklega eftirtektarvert. Kvaðst hann þannig hafa séð fjöllin og annað landslag þarna á Snæfellsnesinu, ásamt því að annað landslag og honum ókunnugt hafi borið fyrir hann, og taldi

hann það vera álfheim. Liggur mjög ljóst fyrir, að þarna er um að ræða landslag, sem fjarlægur sýngjafi hefir verið að horfa á, en vegna þess, að Matthías er vakandi að mestu, sér hann einnig umhverfi sitt, en þó nokkru óljósar en venjulega. Hefði hann lokað augum, mundi hann aðeins hafa séð sambandssýnirnar, ásamt tilheyrandi landslagi, og þá ef til vill skýrar en ella.

Tröll taldi Matthías sig hafa séð og talað við nokkrum sinnum. Var það einkum upp við kletta nokkra í nágrenni Hellissands. Sagði hann þau vera 4 til 5 álnir að hæð eða um 3 metra, og voru þau afar fallett fólk, vel vaxið, bjart yfirlitum og norrænt á svip. Eitt sinn, er hann var á leið heim til sín frá þessum klettum, segir hann að slegist hafi í fylgd með sér tröllkona ærið há og mikil, en fagurvaxin og fríð ásýndum. Gekk hún á hlið við hann mikinn hluta leiðarinnar og talaði eitthvað án þess þó hann greindi orðaskil. Þetta var um kvöld og niðamyrkur, en þó gat hann séð stúlku þessa svo vel sem um hábjartan dag, og lýsti hann fyrir okkur klæðnaði hennar og öðru útliti. Er þar enn ein sönnun þess að hér hafi verið um fjarskynjun að ræða, og er ekki um að villast, að það fjarsamband hefir þá verið við íbúa annars hnattar. Slíkt fólk sem þetta er ekki til á þessari jörð, ekki svo gjörvulegt og varla svo frítt.

Þá sagði Matthías okkur frá því, að eitt sinn, er hann var staddur uppi á fjalli einu nálægt Hellissandi, sá hann hjört, en slíkt dýr hafði hann ekki áður séð, nema á mynd. Sá hann hjört þennan nærri sér, og var hann fagur á að líta og hafði gullhorn, að honum virtist, og hefur þar auðvitað ekki verið um að ræða neitt dýr á Snæfellsnesi.

Eitt sinn sagðist Matthías hafa farið gangandi alllanga leið frá Hellissandi út á nesið. Lagði hann af stað undir kvöld, en er hann var aftur á heimleið og átti skamrt eftir ófarið, bar svo undarlega til, að hann sá sól allhátt yfir sjávarfletinum, og virtist honum hún standa þar kyrr. Sýndist honum sól þessi í líkri hæð og sólin hafði verið um það leyti, sem hann lagði af stað í ferðina heiman frá sér. Þótti honum undarlegt er hann fór að hugsa um þetta eftir á, að sólin hefði staðið þarna kyrr allan tímann, sem hann var í ferðinni, líklega um 8 klukkustundir. Því tók Matthías eftir, að sólin var að þessu sinni miklu rauðari en venjulega,

og er það í góðu samræmi við, að þarna hafi raunverulega verið um að ræða sýn frá jarðstjörnu með bundinn möndulsnúning og fylgjandi rauðri sól.

Annars minnir þetta nokkuð á frásögn Jósúabókar af því, er sólin beið heilan dag, meðan Ísraelsmenn háðu orrustu við óvini sína, og er líklegt, að sú saga sé að einhverju leyti til orðin fyrir slíkt samband sem þetta. Vegna samstillingar hermannanna undir stjórn Jósúa er vel hugsanlegt, að skapast hafi samband við skylda en lengra komna íbúa annars hnattar, og að það samband hafi gert Ísraelsmönnum sigurinn auðunnari um leið og það gaf þeim sýn til sólar á líkan hátt og Matthías hlaut þarna á heimleið sinni.

Vegna þess, að hin hugséða eða fjarskynjaða sól fyllti svo mjög skynjun og huga Matthíasar, tók hann ekki eftir hvarfi þeirrar, sem þessari jörð lýsir og hann áður hafði séð eigin augum.

Og meðan á orrustu Ísraelsmanna stóð, er hugsanlegt að þeim hafi farið eitthvað líkt.

III.

Álfabyggðir

FRÁSAGNIR ERLU STEFÁNSDÓTTUR

Ég átti tal við skyggna konu, Erlu Stefánsdóttur. Mun ég reyna að endursegja hér eitthvað af spurningum mínum og svörum hennar, ekki að vísu alveg orðrétt, en þannig, að ekki skeikar miklu efnislega.

Spurning: *Ég veit, að þú munt sjá blik manna eða árum. En mig langar einnig til að spyrja, hvort þú verður ekki vör við sérstakar verur, þegar þú ert á ferð úti í náttúrunni, eins og t. d. huldufólk eða álfa?*

Svar: Jú, það gerist oft, t. d. í sambandi við hóla og kletta og annað landslag.

Spurning: *Sérðu álfabyggðir, t. d. hýbýli þessa fólks?*

Svar: Já, ég sé stundum stórar álfabyggðir, fjölda bæja.

Spurning: *Eru þetta lítil hús, eða e. t. v. einnig stórar byggingar?*

Svar: Ég hef aldrei séð nema lítil hús, aldrei t. d. stór sambýlishús, eins og eru hjá okkur mönnum.

Spurning: *Eru þessar verur allar eins að eðli og útliti, eða eru þær að einhverju leyti eðlisólíkar? Er t. d. einhver mismunur á álfum og huldufólki?*

Svar: Þarna er um þó nokkurn mismun að ræða. Huldufólk er líkt okkur, bæði í háttum og útliti. Álfar eru fíngerðari. Það er líka munur á gæðum þessa fólks eða innræti og betra að styggja það ekki.

En svo eru ljúflingar. Þeir eru svifléttir og fíngerðari en huldufólk og álfar. Mér virðist þeir einnig vera fegurri. Ég verð þeirra helst vör í kjarri eða þar sem land er skógi vaxið. Þegar ég sé þá, er eins og mér opnast sýn inn í aðra veröld, þar sem allt er í fögrum ljósum litum.

Raunar má hið sama segja um allar þær dularverur, sem ég skynja. Mér virðist þær tengdar landinu með nokkrum hætti, náttúru þess og ýmsum sérkennum, vötnum, skógum, klettum, fjöllum o. s. frv. Ég held samt að þær séu ekki af efnun þessarar jarðar gerðar, tilheyri ekki þeim efnisheimi sem við skynjum og lifum í, heldur tilheyri þær annarri veröld, þar sem þróunarleið lífsins er önur en sú, sem við jarðarmenn eigum við að búa.

Spurning: *Mig langar enn til að spyrja einnar spurningar: Þegar þú sérð þetta fólk, þá munt þú yfirleitt sjá það í okkar jarðneska landslagi. En kemur þá aldrei fyrir, að þú sjáir samtímis annað landslag, einskonar huldulandslag?*

Svar: Jú, þetta er alveg rétt. Jafnhliða því, sem ég sé huldufólkið og bæina þess þá sé ég líka oft annað landslag, sem er landslag huldufólksins. Ég sé fjöll, sem tilheyra þeirra veröld, dali, tjarnir o. s. frv. en jafnhliða sé ég mjög vel okkar venjulega landslag. Landslag álfa og landslag okkar er stundum alls ekkert líkt.

Spurning: *Sérðu stundum mismun á veðurfari hjá álfum*

og hjá okkur, t. d. að tilheyrandi þeim sé bjartviðri og þurrkur, þótt hér sé dimmviðri og jafnvel rigning?

Svar: Já, þetta er mjög algengt. Veðurfar hjá álfum er oft allt annað en er hér hjá okkur. Þetta skynja ég oft greinilega.

Spurning: Hefur þú nokkur tíma skynjað sól á lofti í heimi álfa, samtímis því að hér hafi verið skýjað og sólarlaust?

Svar: Nei, ekki man ég nú beinlínis eftir, að ég hafi tekið eftir þessu, eða að ég hafi tekið eftir sól í ríki álfa, þegar hér var dimmviðri. Mér hefur aldrei dottið í hug, að athuga þennan mismun.

SAMBANDSSKYNJANIR

Ég tek enn fram að orð Erlu, hins merkilega sjáanda, eru hér ekki orðrétt eftir höfð, þótt efnislega muni litlu skeika.

Ég veit líka og vil taka það fram, að sú skoðun mín, – að sýnir, slíkar sem af er sagt hér að framan, séu með nokkrum hætti tengdar stjörnum himingeimsins – munu ekki vera hennar skoðanir.

Og sýnir og aðrar skynjanir ýmiskonar, eru fullgildur raunveruleiki, hvað sem líður skoðunum manna.

Svör þessarar skyggju konu þóttu mér meira en lítið fróðleg, vegna þess að þau koma heim og saman við þær hugmyndir, sem hægt er að gera sér um eðli skygginnar, þ. e. að hér sé um fjarskynjanir að ræða. Að ekki séu þessar sýnir tilheyrandi okkar landslagi, heldur skynjanir til allt annars staðar, þar sem búa aðrir kynþættir manna með öðrum lífsháttum í öðru landslagi. Og hvar skyldu þessir aðrir staðir vera? Ég vil gera ráð fyrir að þeir séu jafn raunverulegir og jafn efniskenndir og sú tilvera, sem við þekkjum.

Náttúrufræðin þekkir enga staði aðra en stjörnur himins, dreifðar um hinn óendanlega geim, og okkar eigin jörð er ein þeirra.

Hví skyldu þá ekki sýnir þær, sem frá er sagt að framan, vera tilheyrandi einhverri jarðstjörnu annarsstaðar í

geimi, að hin skyggna kona sjái landslag á öðrum hnetti eða hnöttum ásamt fólki því og lífsháttum þeim, sem þar hafa þróast í rás tímans, á sinn hátt, eins og gerst hefur á okkar jörð? Sambandsskynjanir mun hér vera um að ræða.

Ef fjarsýnir eiga sér stað á annað borð, og ég tel vafalaust að svo sé, þá sé ég ekki aðra skýringu náttúrufræðilegri, en að huldufólkssýnir séu fjarskynjanir í flestum tilvikum, þótt einnig muni koma fyrir að líkamning eigi sér stað, en miklu mun það sjaldnar gerast.

Sérkennileg sýn

Þetta er ég ætla að segja frá upplifði ég fyrir um einu og hálfu ári. Ég var í húsnæðishraki á þessum tíma og bjó hjá mömmu minni.

Svo var það eitt kvöld, er ég ætlaði að fara að sofa að yfir mig kemur mikil vanlíðan og ótti. Ég fer inn til mömmu og bið hana að koma með mér fram og sitja hjá mér smá stund, sem hún gerði.

Ég reyni þá að slaka á. Þá allt í einu sé ég eins og „leiðslu“ sem liggur frá mömmu og yfir til mín. Þessi „leiðsla“ eða þráður var silfurlitaður og gildur nokkuð. Finn ég þá að yfir mig færast ró en samt var ég glaðvakandi. Mamma situr á stól á móti mér og tek ég þá eftir því að andlitið á henni fer að breytast og verður mér starsýnt á hana. Reyni ég að nudda augun til að sjá þetta betur. Jú, andlitið breytist og kemur andlit af manni og enn sé ég líkama mömmu, aðeins andlitið er breytt.

En allt í einu sé ég, hvar maður í fullri stærð kemur út úr líkama hennar og gengur í átt til mín, en þá var mér nú allri lokið, því ég hálf trylltist af hræðslu og kallaði upp, að nú vildi ég ekki sjá meira.

Hræðslan var skiljanleg, þar sem þetta var í fyrsta skipti sem ég upplifði svona sýn, en ekki í síðasta skipti.

Reykjavík, 22.03.1983,

V.H.S.

Dr. Þór Jakobsson, veðurfræðingur:

Þróun lofthjúps jarðar og þróun lífsins

3. grein.

Öllum er kunnugt, að lífið á jörðinni á sér langa sögu og fjölbreytilega. En það er sennilega ekki á allra vitorði, að andrúmsloftið, lofthjúpurinn sem umlykur jörðina, hefur líka þróast og tekið breytingum í aldanna rás. Vísindamenn hafa um alllangt skeið reynt að skýra hvers vegna lofthjúpir reikistjarnanna, plánetanna, eru hver öðrum ólíkir. Efnasamsetning í lofthjúpi jarðar er mjög ólík gufuhjúpum annarra hnatta í sólkerfinu.

Nú láta vísindamenn ekki þar við sitja og verður hér á eftir sagt lítils háttar frá rannsóknum á víxláhrifum lífríkis og lofthjúps jarðar. En margt bendir til, að þau hafi verið mikil um dagana og þróun beggja haldist í hendur. Svo virðist sem lífríkið og þó einkum bakteríurnar ráði að miklu leyti efnasamsetningu lofthjúpsins og er þá á hinn bóginn búið enn betur að lífinu. Lífríkið og umhverfið hafa gagnkvæm áhrif hvort á annað og verða þannig órofa, samtvinnað kerfi.

Í bókinni „Life in the Universe“ (Líf í alheimi), sem ég sagði frá í síðustu grein minni í Lífgeislum, er grein um þessar rannsóknir. Höfundarnir, sem heita Lynn Margulis og James E. Lovelock hefja mál sitt með því að benda á stórfenglega staðreynd. Ef skyggst er til baka aftur í gráa forneskju, eins langt og auðið er með hjálp vísindanna, er sem greina megí undursamlegt ómeðvitað samstarf milljóna líftegunda í a. m. k. 3000 milljón ár. Samstarf þetta, sem sjálft er árangur þróunar, hefur breytt og mótað gagnert yfirborð jarðarinnar.

Höfundarnir fjalla í grein sinni um nokkur meginatriði. Fyrsta viðfangsefnið er lofthjúpur jarðar, sem í samanburði við áþekka jarðhnetti eins og Mars og Venus er harla ólíkur að allri gerð. Í honum er í rauninni of mikið súrefni

að finna samhliða full mörgum gastegundum, sem tengsú geta súrefni, þ.e.a.s. myndað með því efnasambönd. Um hundruð milljónir ára hefur andrúmsloft jarðar ekki lotið lögmálum eðlisfræði og efnafræði einvörðungu. Ef til vill er mönnum nú að skiljast hvernig á þessu stendur.


Í öðru lagi er lífið á jörðinni miklu eldra en menn hafa ætlað til þessa. Það er a. m. k. jafngamalt elstu setlögum og kannski jafngamalt elstu bergtegundum á jörðinni.

Í þriðja lagi ber þess að gæta að lífandi verur skiptast ekki aðallega í jurtaríki og dýraríki. Grænar plöntur og dýr eru raunar mjög skyldar lífverur. Lífríkið skiptist frekar í tvo aðra flokka, dreifkjörnunga og heilkjörnunga. Í fyrri hópnnum eru bakteríur, en þær eru kjarnalausar. Í hinum síðari eru dýr, jurtir og sveppir, en í frumum þeirra er kjarni. Mismunur þessara flokka er miklu meiri en munur á dýrum og jurtum.

Ardagar lífs á jörðinni einkenndust af bakteríufrumum. Bakteríur hafa ráðið ríkjum á jörðinni í milljónir ára, að því er virðist frá upphafi og ráða í rauninni enn, þrátt fyrir tilhneigingu okkar til að setja manninn í miðju lífheimsins. Bakteríur hafa, miklu frekar en heilkjörnungar, mótað yfirborð og lofthjúp jarðarinnar. Skilningur á gagnkvæmum áhrifum baktería og lofthjúps mun gera mönnum kleift að skilja hinn mikla mun á jörðinni annars vegar og Mars og Venusi hins vegar.

Höfundar greinarinnar, sem hér er sagt frá, greina einnig frá kenningum um þróun lífsins fyrstu áramilljónirnar og tilurð heilkjörnunga. Þeir fjalla einnig um þá athyglisverðu kenningu, að gastegundum andrúmsloftsins sé aðallega haldið í jafnvægi af bakteríufrumum. Fjölbreytni lífríkisins virðist vera forsenda þess, að lífsskilyrði myndist og haldist. Þannig er lífríkið og hinn sérkennilegi lofthjúpur jarðar samfléttuð heild og hvort öðru háð.

Hér er farið fljótt yfir sögu, en í ritgerð vísindamannanna er greint frá magni þeirra gastegunda sem eru í loftinu og hringrás þeirra um yfirborð jarðar, um lífheiminn og um andrúmsloftið. Sum frumefnin virðast fara hratt yfir, ef svo mætti að orði komast. Þau fara hratt úr einum bólstað í annan og hefur för þeirra verið líkt við hringrás blóðsins um mannlíkamann.



Kápmmynd á bókinni „Oceanus Macromicroscopicus“ eftir Sachse de Lowenheimb. Bókin kom út árið 1664 og fjallaði m. a. um mannlíkamann. Höfundur rökstuddi þá skoðun, að blóðið streymdi um líkamiann eftir lokaðri hringrás, líkt og vatnið í náttúrunni. Nú má snúa samlíkingunni við. Líkt og hringrás blóðsins er lofthjúpur jarðar hringrás, sem er myndað af lífríkinu fyrir lífríkið.

Bakteríurnar eru undirstaða alls lífs á jörðinni. Ásamt plöntunum framleiða þær súrefni og önnur efni, og enn aðrar gastegundir framleiða og stilla bakteríurnar einar sér. Þannig myndaðist smám saman loftslag, sem einnig hentaði flóknari lífverum. Hinn hvikuli hjúpur loftslagar, sem sveipar jörðina, er því ásamt öllum lífverum jarðarinnar, *lífheild*, híbýli lífsins – byggð af lífinu og fyrir lífið.

Svipað þessu hlýtur lífið að hafa hreiðrað um sig annars staðar í alheimi.

Tónverk án orða

Margir hinna gömlu og miklu íslenskunillinga höfðu yndi af rímum og kveðskap. Sígild tónlist var þeim fjarri og tónverk án orða skildu þeir ekki.

Þetta er skiljanlegt, þegar haft er í huga, að íslenskan er guðamál þessarar jarðar. Hvernig eiga líflaus hljóðfæri að komast til jafns við mál sem tengir menn við guðina.

Tónverk án orða eiga vart tilverurétt á Íslandi.

Gunnar Hjörvar.

Til athugunar:

Þarna hygg ég nú að Gunnar Hjörvar taki heldur djúpt í árinna. Víst er að fjöldin allur hefur unun af hljómlist, og tel ég, að hið fegursta sem fram hefur komið í hljómlist, á öllum öldum, eigi rætur að rekja einmitt til þeirra hljóma, sem mjög munu áberandi vera í ríki hinna lengra komnu á öðrum stjörnum. Heyrendur og sjáendur skynja oft ræðilega fagra hljóma án orða, og jafnvel í draumi kemur fyrir að orðlaus hljómfegurð eins og fylli tilveruna og berist draumþeganum frá hinum fjarlægga draumgjafa.

Einnig skyldi munað, að annað er að njóta sígildrar tónlistar en að skilja hana.

I. A.

Halldór Pjetursson:

Sjálfheldan

Hugðu sex nautkálfar á meira frjálsræði og betri aðstöðu í lífinu?

Milli Snotruneðss og Geitavíkur í Borgarfirði eystra, er bær sem Framnes heitir. Þar búa Skúli Andrésson og Kristín Eyjólfsdóttir. Búgrein Skúla er sauðfé en árið 1981 hafði hann fjóra nautkálfa sem búbót og slátraði þeim um haustið. Á þessu sama ári fórum við hjónin til Borgarfjarðar því mikið af ættstofni okkar hefur búið þar um langan aldur, en hefur eins og annarsstaðar færst suður á bóginn. Við komum að Framnesi eins og víðar, þá stóð svo á að Skúli bóndi var að heimta úr helju 6 nautkálfa sem hann hafði keypt í stað hinna sem hann átti árið áður. Þessir kálfar voru 8–9 mánaða gamlir og voru þrír af þeim uxar. Kálfar þessir höfðu horfið með þeim hætti, sem enginn skildi og fundust fyrir tilviljun eftir 6–7 daga svelt.

Auðvitað þurfti ég að festa þessa sögu á blað, sem aldrei sleppi neinu framhjá mér sem talið er utangarðs. Söguna skrifaði ég eftir Skúla sjálfum svo ekkert færi milli mála.

Milli Geitavíkur og þorpsins er nýbýli sem Geitland heitir. Þar hafði verið byggt íbúðarhús, landið ræst sem var að mestu blá, en búskapur ekki stundaður. Nú hafði Skúli keypt þetta land og setti kálfa sína þangað til sumardvalar. Landið var girt og talið griphelt, nóg gras, landrými og vatn í skurðum.

Þarna virtist allt í lagi og sjá mátti til kálfanna af hlaðinu á Framnesi, en það er nú svo að alltaf virðast einhver göt á tilverunni svo eitthvað nýtt geti skeð. Sunnudaginn 25. júlí varð Skúla litíð til Geitlands og saknar þá vinar í stað, er hann sér engan kálf. Þarna er allt slétt, engin fylgsni, túnblettur kringum túnið þar sem húsið stendur er afgirtur svo ekki gátu þeir skýlt sér bak við húsið.

Strax var farið að hringja í allar áttir en enginn hafði augum barið kálfa þessa. Þó barst ein fregn sem varð að athuga, virtist þó hin ótrúlegasta. Maður nokkur kom frá Brúnavík sem hefur veri í eyði í mörg ár. Þar sagðist hann hafa séð naut á túninu. Líklega hefur hann verið nokkuð fjær rústunum, því þegar Skúli bóndi kom þar, sá hann engin vegsummerki eftir naut. Sennilega hafa þetta verið hreindýr; austur þar er hver skora og vík full af hreindýrum. Það er eitt af leyndardómum Íslands og búhyggju okkar hvað er tala þeirra dýra. Hinir vísu menn telja þau á ári hverju, en rétt tala mun ekki upp koma fyrr en þau hafa gleypst síðasta-grastoppinn og rollunum kennt um, ef einhver lifir þann dag. Svona ganga íslensk vísindi oft á ská.

Þegar þessi frétt reyndist marklaus, hófst leitinn fyrir alvöru. Sveitin var kemd og hver kelda og gryfja rannsókuð. Síminn var svo að segja rauðglóandi, allt bar þó að sama brunni, af nautum þessum sást hvorki hár eða hold. Ekki einu sinni svo að nokkurn mann hefði dreymt neitt sem hægt væri að hengja hattinn á. Var nauskan virkilega að taka völdin á þessu viskunnar landi. Skúli bóndi gafst þó ekki alveg upp þótt leitinni væri í raun hætt eftir að allir felustaðir Borgarfjarðar hefðu verið skyggðir. Það var líkast því að eitthvert hugboð væri að fæðast í heila hans og við Geitland væri gátan falin. Þrátt fyrir þetta vildi málið ekki leysast. Enn einu sinni gekk Skúli með skurðum Geitlands ef ske kynni að eitthvað væri að græða á förum þar.

Svo vildi þó ekki reynast. Gekk hann þá beint niður á sjávarbakkann án nokkurs sérstaks í huga. Þar sem hann stoppaði er undir svonefndur Illibás og sem hann lítur þar niður glápa til hans hinar týndu nautkindur 6 að tölu. Hrökk þá af munni hans: „Hvurn andskotann eruð þið að gera hér?“ Ekki mun hann hafa fengið neitt svar, en þrá undir sig betri fætinum heim á leið til að afla sér liðveislu. Þess má geta að í bás þessum höfðu fyrir mörgum árum farist tveir nautkálfar frá Geitavík, annar til dauðs en hinn svo lemstraður að hann var aflífaður. Skúla varð gott til manna og þeir lögðu svo á stað með gúmmibát og yfir 20 m langt tóg.

Þegar að básnum kom var klöngrast niður. slíkt er fært

mönnum en ekki gripum. Kálfarnir voru hinir bestu viðfangs, allur uppreisnarandi úr þeim gufaður. Skúli hafði gripið með sér annan endann á tóginu og mýlir með því einn kálfinn. Ekki var önnur leið fær en fara sjóleið inn með bökkunum um 30 m, en þar var fært upp. Var nú liði skipt, Skúli fór upp og skyldi teyma kálsa, tveir áttu að fara í bátinn og halda kálfunum á réttri leið.

Skúli hóf nú gönguna og togaði þann mýlda en hinir drifu kálfana í sjóinn. Þetta seiglaðist því kálfarnir fylgdu forystudýrinu með ágætum. Þegar komið var að þeim stað sem hugsanlegt var að koma farþegunum upp, spyrnti Skúli við fótum og dró bandingjann að klöppinni. Ekki var landtakan glæsileg, sleipar klappir og klettanybbur í bakkanum. Forystukálsi hafði stuðning af bandinu og hinir fylgdu fast eftir og loks stóðu allir á föstum grunni. Bandinginn var nú leystur og allir kálfarnir litu hið græna gras glöðum augum eftir viku föstu. Ekki hefði nú slíkt þótt mikið í katólsku. En nú var lúterskan til staðar, en við höfum fátt gott af hlotið og setti okkur að vissu leyti í Illabás.

Eftir að þetta var skeð fóru björgunarmenn að staðsetja ferð kálfanna í þennan bás, hvert sem áformið hefur verið. Utan við merki ysta húss í þorpinu er lón sem heitir Stóra-lón. Þar er vel fært að sjónum, aðeins lágur klapparhryggur og síðan fjara, þaðan hafa kálfarnir lagt í sjóinn. Þaðan í Illabás eru 20–30 m og allt sund á flóði. Rétt utan við Illabás er klettarmi spöl út í sjóinn, en ekki hefur þeim litist á að synda fyrir hann heldur lagt til lands og lent í hinum margnefnda bás sem varð þeim sjö daga sæluríki. Enginn sem ég talaði við gat gert sér í hugarlund hvað drifið hefði kálfa þessa út í slíkt ævintýri, þar sem þeir höfðu nóg af öllu og enginn raskaði ró þeirra. Ritari þessa þáttar er gamall sveitamaður og vissi aldrei til að naut legðu í ár og vötn utan að illska manna réði ferðinni.

Ritari bætir hér við án þess að Skúli eigi þar nokkra aðild.

Þjóðsögur eru alþjóðlegur æfintýraheimur sem alltaf er að skýra og birta okkur ný sannindi. Mér kemur oft í hug samanburður á þessu sviði. Þær segja okkur meðal annars að gripir sem farist voveiflega, sjáist þar í tugi ára og fyrir þessu eru óhrekjandi sögur. Það er og sannanlegt að dýr sjá

oft það sem okkur er hulið nema ófreskir séu. Varlegt er að telja allt vitleysu, sem við vitum ekki skil á. Margt slíkt hefur sannast síðar. Getur það hugsast að kálfarnir sem áður fórust í Illabás, hafi villt hárum. Til meira gamans skal þess getið að útbæjarfólkinu fylgir svonefndur Staf-fellboli ættaður ofan úr Fellum og hefur að sögn fylgt ættinni í áratugi. Ekki er hann mannskæður, eins og minn ættardraugur, en gamansamur og birtist oftast í draumi, en vel gat það skeð að hann hefði rekið á eftir kálfunum út í sjóinn og minn draugur gengið til liðs við hann og þá var ekki á góðu von, því hann er konungur íslenskra drauga, enda myndaður á vísindalegan hátt.

Stjörnuþyrpingar og hallir. — Vökusýn

Eitt sinn er ég var staddur fullvakandi í íbúð minni birtust mér myndir á herbergishurðinni. Þær voru af mörgu tagi, en tvennt er mér skírast í minni.

Annað voru hús eða hallir af ýmsum gerðum. Stórar voru þær og skreyttar allskyns útflúri og skrauti. Dýr mundi sá stíll í byggingu hér hjá okkur, en fagar fundust mér þær.

Hitt var stjörnuþyrping, hringlaga. Stóðu stjörnurnar þétt og skinu skært, þrátt fyrir fulla dagsbirtu. Himinn var heiður en ekki sá ég á honum fleiri stjörnur.

P. J.

Þorsteinn Guðjónsson:

Árið 1984

Góðspáin og illspáir

Skrifað stendur 1984, og fyrir löngu hefur verið spáð óefnilega fyrir því máli. En til er það einnig að spáð hafi verið vel fyrir þessu ári og í apríl síðastliðnum fann ég slíkan mann, sem sameinaði þetta og ýmislegt annað á athyglisverðan hátt. – Við vorum að renna inn á aðaljárnbrautarstöðina í Düsseldorf, og áttum von á að hitta mann, og segir þá Gerða: „Þarna er hann, hann er gáfulegur og fallegur, hann ber af, það getur enginn annar verið“. Þetta reyndist rétt, enda þótt á hverri járnbrautarstöð séu hundruð og þúsundir á ferð til og frá.

Þetta var Anton Tripp, skáld og fræðimaður, sjötugur Þjóðverji, og þegar samtál tók að festast, ætlaði ég að fara að slá dálítið um mig: hefur þú nokkur tíma kynnst hugtakinu, „extraterrestrial intelligences“? (og nefndi hina þýzku samsvörun þess, en hina ensku samtengingu þessara langyrða þykist ég sjálfur hafa fundið upp og komið á framfæri í amerísku blaði árið 1965 og fór hugtakið síðan sem logi um akur „heimspressunnar“ þó að enginn vissi hvaðan það var komið – nafnið ETI á kvikmynd um sambandið við aðra hnetti er skammtöfun á þessu, og má nú segja að býsna mikið hafi lækkað risið á hugmyndinni á leið frá upptökum til óss). En nú spurði ég Anton Tripp hvort hann kannaðist við þetta hugtak, en hann svaraði: „Já, reyndar, ég notaði það sjálfur í leiksögu sem ég skrifaði árið 1949 um árið 1984 (äusserirdische Intelligenzen). Þar talaði ég um samband við íbúa annarra hnatta, en ég gerði það ekki á sama grundvelli og þú gerir“, sagði Anton Tripp.

„Hvert var tilefni þess að þú fórst að skrifa á þennan hátt?“ spurði ég, en hann lýsti því þannig: „Þegar átti að fara að byggja upp eftir stríðið, þótti mönnum þörf á að hafa eitthvert framtíðarmarkmið. Til þess að fá menn til að leggja sig fram, er slíkt alveg óhjákvæmilegt. Efnt var til

samkeppni um framtíðarskáldsögu. Ég skrifaði sögu um árið 1984, þegar sambandið kemst á við íbúa annarra hnatta, og fer þá að lagast hjá jarðarbúum. Í þessari sögu kom fyrir hugtak það sem þú spurðir um, en þó að dómnefndin mælti mjög með minni sögu var hún *aldrei prentuð*. Þegar hér var komið sögu hins þýzka manns, hló Íslenzkur marbendill, en var ekki spurður að hverju hann hlægi eins og er í sögunni af marbendli.

„Þú ert betri spámaður en George Orwell, því að þú hefur spáð vel og ekki fengið prentað, en hann spáði helvískuspádómi og það er dáð og dýrkað“, sagði ég. En þeir Tripp og Orwell munu hafa ritað sögur sínar sama árið ef ég hef rétt skilið. En það er mjög fróðlegt að veita því athygli að Tripp myndar hugtak sitt um hina lengra komnu íbúa annarra hnatta út frá „tilgangsrokum“. Því fer fjarri að ég vanmeti slík rök, en fastara hygg ég þó vera undir fótum í þeirri heimspeki sem ég aðhyllist. Þegar ég leiddi talið að þeim hlutum, fann ég að Tripp var að nokkru undir sömu sök seldur og flestir þeir sem fengizt hafa við hinar viðurkenndu greinar vísinda og menntunar. Hann hafði sniðgengið fyrirburðamálin. Það kom náttúrlega ekki til greina að jafn vandaður og vel innrættur maður og hann er vissulega, væri með hleypidóma út í þá hluti. En „ég er ófróður um þau mál“, sagði hann við mig oftar en einu sinni í samtalinu.

Það er afar athyglisvert að Tripp skyldi vera búinn að mynda þetta hugtak sem ég nefndi, á þýzku árið 1949, 16 árum áður en ég þóttist mynda það á ensku máli og setti það fram þannig að árangur bar. Þetta bendir til þess að slíkt hugtak hafi verið eitt af því sem „átti að koma“. Og skyldi það nú geta verið, að góðspá þessa sama manns um árið 1984 sé einmitt það sem á eftir að koma fram, hvað sem líður öllum illspám og helspám? Það er nógu skrítið að fundum þessara tveggja orðasmiða, íslenzks og þýzks, skuli þegar hafa borið saman á hinu nefnda ári.

Þorsteinn Guðjónsson:

Minningarorð

Kjartan R. Kjartansson, Nýalssinni, er látinn (í júlímánuði 1984) rúmlega fimmtugur að aldri, og kom mér lát hans ekki með öllu á óvart. Kunningsskapur okkar hafði staðið um nær þrjátíu ára skeið, og er mér ljúft og skylt að minnst hans með nokkrum orðum. Hann var einn þeirra sem stigið hafa skrefið frá andatrú til Nýalsstefnu, og fann ég aldrei annað en hann hefði stigið það skref til fullnustu. Kjartan er einn þeirra sem hafa aðhyllzt kenningu Nýals og átt þátt í að mynda hreyfingu um hana. Fyrir það ber honum heiður og þökk, og ég vona á það og treysti á, að þess eigi hann eftir að njóta í framlífi.

Það mun hafa verið árið 1956 sem Kjartan kom á fyrsta fund í Félagi Nýalssinna, en eftir því sem hann sagði mér síðar, mun honum hafa fundizt á það vanta að snið fundarins væri nógu frjálst og einarðlegt, og var að hugsa um að fara út. En hann hætti við það, því að tilfinningin fyrir því, að hér væri um stórkostlega mikilvægt mál að ræða, var rík í honum. Hann gekk í félag Nýalssinna og var í því til dauðadags. – En þetta fyrsta viðbragð hans lýsir honum dálítíð: hann vildi hafa stórt snið og glæsibrag á hlutunum. Hann var næmur fyrir blæbrigðum, eins og hann var líka næmur fyrir andblæ tímans hverju sinni, en var síður maður hins langvinna, þreytandi starfs, sem krefst mikillar þolinmæði. Og þó var hann nógu þrautseigur til þess að halda sig við félagið og málefnið um nærri þrjátíu ára skeið – en það er sérstaklega athyglisvert vegna þess að maðurinn var gefinn fyrir þátttöku í almennum félagsskap og því sem var að gerast hverju sinni.

Árið 1969–1972 gegndi ég formannsstöðu í Félagi Nýalssinna, en vorið 1972 var Kjartan kosinn formaður á aðalfundi. Töluvert hafði verið að fjölga í félaginu af nýju fólki, og þó að aðal Nýalsstefnunnar sé hið kyrra ljós skilningsins

er hún einnig eftirvæntingarstefna, – og nýja fólkið var óþolinmótt og vildi fá árangur og breytingar strax. Ég fann til þess að geta ekki veitt mér og öðrum þá ósk en eins og verða vill í félögum fara menn smám saman að kenna stjórninni um, þegar lítið gengur. Þetta notuðu sér óhlutvendir menn. Veturinn 1971–1972 hófst „kosningabarátt“ í Félagi Nýalssinna, og varð úr þessu hreyfing, sem stefndi að valdatöku. Í rauninni vorum við stjórnarmenn ekkert ófúsir að skila af okkur. En hitt þótti okkur miður, að áróðurinn varð persónulegur og beindist gegn okkur, sem lengi höfðum lagt okkur fram. Það fór líka svo, að „hreyfingin“ treysti sér ekki til að bjóða fram beint á móti okkur. Leituðu þeir til Kjartans, sem tók að sér að vera formanns-efni, og var hann kosinn án mótatkvæða á allsögulegum fundi. Það sagði ég Kjartani skömmu síðar, að ekki hefði annað þurft en að segja við mig hreinskilnislega, að hann treysti sér til að vinna vel að þessu, og þá hefði ég vikið með góðri einingu. – Það að vel tókst til um fullur sættir okkar Kjartans var öðrum fremur Ingvari Agnarssyni að þakka. Hann hitti Kjartan og fór að tala við hann um það, sem báðum var ofarlega í huga, að ég yrði hvattur og studdur til að skrifa bók um málefni Nýals. Lofaði Kjartan nú félagsatfylgi, en Ingvar tók að sér fjármálin, og skyldu þau vera óháð fjármálum félagsins. Bókin „Líf er á öðrum stjörnum“ komst út og fékk verulega útbreiðslu, og margir hafa þar fengið fyrstu kynni sín af þessu málefni.

Þegar ég var að skrifa bókina „Astrobiology“ á ensku máli (1975–1976) bar ég ýmislegt undir Kjartan, og hafði ég verulegt gagn af því. Hann gat oft sagt nokkuð ákveðið um, hvað erlendum lesendum mundi finnast um þetta eða hitt, og svo var hann alltaf uppörvandi og hvetjandi, og fullyrti jafnan að ég væri pennafær einnig á hinu erlenda máli, – en þá viðurkenningu hef ég síðan fengið nokkuð víða að. En Ingvar Agnarsson, Þorsteinn Jónsson, Guðmundur á Klafastöðum og fleiri stuðluðu að því að hægt væri að gefa bókina út. Þarna er eitt dæmi af mörgum um jákvætt samstarf meðal Nýalssinna, sem gleðilegt er að minnast, og nokkurn árangur hefur borið.

Síðustu tvö-þrjú árin hitti ég Kjartan sjaldnar en áður, og jafnan logaði þó upp gamli áhuginn og hrifningin í ein-

hverri mynd, ef samtal tókst með okkur. Þegar ég og fjölskylda mín vorum að koma frá jarðarför móður minnar (3.11.'83), sá ég Kjartan bregða fyrir á götunni, og taldi fyrirburð að þessu skydi bera saman, og veifaði til hans glaðlega úr bílnum. Og rétt á eftir hringdi hann, og enn fann ég hvernig áhugi hans var vakandi og enn tókust með okkur nokkur sambönd. En breyttur var hann nú orðinn og var eins og lífsvilji hans væri daufari en áður. Hann talaði um að það væri orðið sér byrði að vera Nýalssinni, en það er eins gagnstætt því sem vera ætti og hugsagt getur. En það er næsta alvarlegt mál ef svo er um fleiri, sem aðhyllt hafa þennan skilning, og er hvöt til okkar sem höfum verið að láta á okkur bera í þessu sambandi, að reyna að gera betur ef þess er nokkur kostur.

Það er sjónarsviftir að Kjartani Kjartanssyni. Þeim fer nú að fækka á götum Reykjavíkur, sem sameina það að bera hið fagra norræna yfirbragð og hafa jafnframt nokkuð sem máli skiptir að segja samferðamönnum sínum. Hann er glæsilegur maður og gáfaður maður og dró ekki dul á skoðanir sínar, og hann mun mörgum minnisstæður verða, og því betur sem lengra líður.

En þrjár himinbornar, skínandi verur komu fjarra að og hjúkruðu vorum særða bróður, eins og með sannindamerkjum hefur komið fram í gegnum miðilinn Svein Haraldsson.

Myr:

Spekiorð úr kenningum Palesar

(F. um 626 f.Kr. – D. 548 f.Kr. Fæddur í Miletos í Litlu-Asíu).

Tilveran er óstöðvandi straumur hinnar eilífu elfu. En lygn er sá straumur ekki. Tilveran byltist áfram í látlausri baráttu andstæðra afla. Andstæður fylgjast allsstaðar að: Það er engin sköpun til án eyðingar. . . . Kyrrstaða er dauði, en lífið er barátta. Baráttan er upphaf alls.

Jónas Hallgrímsson:

Til vinar míns

Ár var alda
þá er endurborin
fold in fjallsetta
í fyrsta sinn
veltast tók veli
um vegu ókunna
að orði alvalds,
sem allt skóp.

Sveipuð saman
in svása nótt
í ægi faldist,
þá er álfröðull
hóglega hófst
of heiðarbrún,
hlógu hliðar
við himinljósi.

Elskan eilífa,
allt sjáandi,
miskunnar hrærðist
yfir mannsins neyð.
Sá var einn
að hún ofan sendi,
helgur engill.
Það var hulið ráð.

Vindur þagði,
vötn stöðvuðu
beljandi straum.
Frá blásölum himins
ský skinfagurt
skærum loga
leið yfir loft
und ljósri mynd.

Það var **Vinátta**,
sem á vængjum friðar
hné frá himni
í helgum blæ.
Fagnaði fold.
Fylltust gleði
efri loft
og undirdjúp.
Sá var fyrstur nefndur
sumardagur.

Hreinlynd hjörtu
og hugarprúð
ást einlægri
æðri kynja
ylnuðu þá,
er um aldir síðan
vóx, viðhélzt.
Þaðan er **vinur** um kominn.

Jónas Hallgrímsson. F. 16/11 1807 – D. 26/5 1846
Hér er aðeins birtur litill hluti þessa fagra ljóðs.

Hvað býr í stjörnunum?

*Jeg stari svo hugsandi kvöld eftir kvöld
á kvikandi grúa af stjarnanna fjöld,
því enginn veit enn hvað þær geyma.
Ó, gæti jeg lyft mjer og litið þar inn
og leitað hvort framliðni hópurinn minn
á nú í einni þar heima.*

*Og fyndi jeg vinina framliðnu þar,
jeg fengi við daglegri spurningu svar
um stefnuna ljóssins að löndum,
um vaxandi þroska og vискunnar afl,
hvort væri allt lífið sem einskönar tafl
í eilífum almættis höndum.*

*Halla Eyjolfsdóttir.
frá Laugabóli.
Kvæði II. 1940.*

Stjarna

*Á hverfandi dagsbrún og staka stjörnu
ég stari við skýjaða himins brá.
Þar rökrinu daufur bjarmi blandast,
sem blik af von yfir hinstu þrá.
Þú leiðir mig staka stjarnan mín
til stjörnu; er á öðrum himni skín.*

*Nú dvel ég við bjarma dáiinna elda
í draumaheimi liðinna kvelda.*

*Rósa B. Blöndals
(F. 20.7. 1913).
(ÞAKKIR 1933).*

Hellirinn fagri. – Draumur

I.


Ég þóttist vera á göngu úti ásamt konu minni (Ekki tók ég samt neitt eftir útliti hennar). Komum við í dalverpi nokkurt, ekki stórt. Var þar vatn neðst, hringlaga, í botni, en hamraveggur upp frá því í boga á þrjá vegu umhverfis vatnið. Ekki voru klettar þessi mjög háir, þó e. t. v. um 50–70 metra, en slétt brún hið efra.

Ég virti þessa hamra fyrir mér og sá, að þeir voru lagskiptir. Lágu lögin lárétt hvert upp af öðru og voru misþykk nokkuð og sitt með hverjum lit, sum dökk, önnur rauðleit, gulleit o. s. frv. Er ég hafði horft um stund, sá ég, að vegur lá eftir sillu einni á ská út frá grasi grónum halla út í miðja klettana beint upp af vatninu. Við gengum nú eftir þessum vegi og komum að hellisskúta allvíðum. Gengum þar inn. Ég litaðist um og sá lautina fyrir neðan og kringlóttu tjörnina í henni miðri. Var sem birta nokkur blikaði fagurlega á yfirborði vatnsins.

Í hellisskúta þessum var margt manna. Sátu þeir við borð, hér og hvar og voru einhverjar veitingar fram bornar, að mér þótti.

Settumst við þar við eitt borðið. Dagsbirtu lagði inn í skútann. En innst í honum var dimmt. Er ég hafði horft þangað um stund, sá ég birtu, eins og ljós logaði alllangt í burtu

Stóð ég nú upp og gekk á ljósið. Sá ég að hér voru göng alllång, beint inn í klettana og lagði birtuna úr innri enda þeirra. Gekk ég inn göngin. Þau hölluðust nokkuð niður á við. Og er ég kom að innri enda þeirra opnaðist mikil hellishvelfing. Fór ég inn í hana og litaðist um. Hér var allt uppljómað af björtum ljósum, marglitum, svo hvergi virtist bera skugga á. Hvelfing þessi hin mikla var hæst í miðju en lækkaði út til allra hliða. Var hér salur mikill, hringlaga



Afstöðumynd þessi á að sýna e.k. flatarmynd af tjörninni hringmyndaou og af smáskútunum inn frá klettabrúninni, en úr þeim liggja gangarnir inn í bergið og ná að hvelvingunum fimm, en einni þeirra er lýst í draumsögninni. . . Ég tel að hér skeiki ekki miklu frá þeirri hugmynd, sem ég gerði mér í draumnum um legu og innbyrðis afstöðu þessara hella.

með sléttu gólfi. Mikill fólksfjöldi, sennilega hundruð manna, var dreifður um allan salinn. Sat fólkið á sætum við lítil borð. Mér var vísað að einu þeirra og þótti mér einhverjar veitingar bornar fram, en ekki veitti ég þeim nánari athygli. Ég var hugfanginn af öllu því er hér bar fyrir augu og virti allt sem nákvæmast fyrir mér. Hér var allt fagurlega skreytt listaverkum. Málverk héngu utan til í hvelvingunni, flest stór. Dáðist ég með sjálfum mér að fegurð þeirra, en ekki man ég nú lengur neitt svo vel að lýst verði.

Mér fannst eins og hér ríkti dásamleg samstilling og samhugur allra, og ég fylltist einhverjum unaði, sem ekki verður með orðum lýst. Allengi sat ég og naut þessara heillandi áhrifa, sem fylltu huga minn. Ekki sátu allir kyrrir. Sumir gengu um og töluðu við þá sem þeir hittu.

Einn kom til mín, og fór að ræða við mig. Var það virðulegur maður, og þótti mér hann ljóma af góðvild og visku. Fór hann að fræða mig um þennan stað, m. a. hvernig hann hefði orðið til frá jarðfræðilegu sjónarmiði og þóttist ég glögg skilja hvernig hér hagaði til: Út við klettabrúnina væru margir hellar fremur smáir, allir í sama jarðlaginu og því tilheyrandi sömu lárétu sillunni. Væru þessir smáhellar mjög sóttir af ýmsum, vegna hins fagra útsýnis, er þaðan blasti við augum.

Úr þessum hellum við jaðar hamranna lægju göng langt inn í bergið, en þar tækju við hellar miklir eða hvelfingar, aðskildar hverjar frá annarri. Væru þær alls fimm að tölu, og lægju í einskonar boga eða sveig inni í berginu. Þóttist ég glögg skilja hvernig lögun þeirra og allri afstöðu hverrar til annarrar væri háttáð. Allt væru þetta jarðmyndanir, sem orðið hefðu fyrir örófi alda.

Fyrir löngu hefðu svo þessar merkilegu bergmyndanir fundist og væru nú notaðar af mönnum í sérstökum tilgangi.

Væri ég nú staddur í einni þessara merkilegu hvelfinga. Hefði hún verið tekin til afnota og útbúin á hinn besta hátt, með fagurri lýsingu og með sem fegurstum búnaði á allan hátt. Hefði hér og verið komið fyrir hinum fegurstu listaverkum af ýmsum gerðum.

Fólk kæmi hér saman í hundraðatali. Hér væri ríkjandi eining og góðvild, sem allir gætu notið, og yrðu eins og magnaðir krafti nokkrum. Hlyti einnig ég að verða var við hinn mikla samhug, sem hér væri ríkjandi og sem allir þátttakendur gætu fundið.

Hinar hvelfingarnar fjórar væru einnig notaðar í hliðstæðum tilgangi og væru þær allar undir sömu stjórn.

Mér þótti maðurinn tala á þessa leið. Og þótt ég muni auðvitað ekkert úr tali hans orðrétt, þá mun þetta samt hafa verið aðalinnihaldið í ræðu hans, en ég hlustaði hugfanginn á hvert orð hans.

Er ég vaknaði var ég einnig altekinn einhverjum unaði, sem ekki verður lýst með orðum og varaði þessi tilfinning allnokkra stund, eftir að fullri vökuvitund var náð.

II.

Ekki veit ég hvers konar samkomu er hér um að ræða. Ég

held samt, að hin mikla sameining fólksins og unaðar- eða magnanartilfinning, sem draumgjafi minn skynjaði svo skýrt, bendi til þess, að hér hafi tilgangurinn verið sá að samstillast hvert öðru og að leita sambanda við fullkomnara mannfélag á öðrum hnetti, m. ö. o. sambandsfundur einskonar, og hafi hann tekist svo, sem til hefur verið stefnt þannig, að allir hafi orðið aðnjótandi aukinnar magnanar frá æðri lífstöðvum.

Draumur þessi minnir aðalítið á frásögn þá hina merkilegu „Fjarrænir gestir á kanadískri grund“, í þýðingu Þorsteins Guðjónssonar, en hún birtist í 42. hefti Lífgeisla 1983.

Segir þar frá samkomu einni stórmerkilegri í helli einum eða hvelfingu, þar sem mikill fjöldi manna var samankominn. Mun þar hafa verið um að ræða stjörnusambandsstöð, og árangur samkomunnar hinn merkilegasti.

Alveg tel ég víst, að samkomusalurinn í draumi mínum, hvelfingin stórkostlega, sé á öðrum hnetti, og að magnan sú sem gestir staðarins njóta, stafi frá lengra komnum lifendum á enn öðrum stað, einhversstaðar í ríki alheimsins.

Ekki get ég rakið, hvaðan mér hafa borist stilliáhrif, til þessa ánægjulega draumsambands, en víst má telja, að einhversstaðar hafi verið hugsað vel og rétt, og hafi ég notið að þeirrar hugsunar, svo að mér varð þessa draums auðið.

Þar sem vel er hugsað, og einkum ef margir eiga þar hlut að máli samtímis, fer ekki hjá því að almennt aflsvæði myndist, sem gerir aðstreymi æðri orku mögulegt. Koma áhrifin þá meðal annars fram í góðum draumum og magnandi, en einmitt slíkt er ekki lítilsvert, heldur eitt af því, sem eykur á gleði okkar og lífsfyllingu.

Því betur og réttar sem almennt er hugsað, því meiri aðsendrar orku og gleði fá menn notið.

Bætt draumsambönd yrðu eitt af fyrstu merkjum dögunarinnar, ef réttar færi að stefna í hugsun og athöfn. Áhrif frá lengra komnum lifendum færu þá að koma hér fram betur en áður, og árangur mundi ekki láta á sér standa.

*Ingvar Agnarsson,
(Dreymt 22. ágúst 1984).*

Sambandstal í einrúmi

Helgi Pjeturss. Ég hugsa mikið um lífið á ykkar jörðu. Margt er nú hægt um þetta að segja og er margt sem ekki stefnir sem skyldi.

Framtíð mannkynsins er það sem hugsa verður um og hvernig má stilla til betri og fegurri framtíðar. Afar nauðsynlegt er það, að gera sér fullkomlega ljóst að mikil hættu er á því að hin illa stefna, helstefnan verði allsráðandi, og það svo ekki verði mögulegt að koma í veg fyrir að mannkynið líði undir lok. Það er hin mesta nauðsyn á, að mannkynið læri að samstillast í góðvild og rétttri hugsun og þekkingu. Á lífgeislum og lífsamböndum þurfa menn að átta sig, ná vísindalegri þekkingu og skilningi á sambands-
eðli lífsins, eins og gert er með uppgötvuninni á eðli draumlífsins og svefnsins. Gera þarf sér ljóst, að maðurinn er sambandsvera á hærra stigi en nokkur vél af manna vísindum gerð. Fullkomnara sambandstæki er mannsheilinn, en nokkur heimsk vél. En vandinn er að samstillta hina ýmsu einstaklinga eins og nauðsynlegt er til þess að hinn magnandi kraftur geti komið sér við í huga og heila hvers eins. Það er nú alveg fullkomlega víst, að í heila mannsins eru milljónir fruma samstilltar til að stjórna hreyfingum og starfi líffæra hins merkilega mannlíkama.

En sú stjórn sem heilinn hefur á líkamanum og starfi hans getur mistekist. Mannlegur líkami er aflstöð. Aflstöð þessi er mögnuð til vits og skilnings frá æðri lífsstöðum og sú magnan, sem hér er um að ræða frá æðri verum, nær ekki að samstillta sem skyldi efnin í mannlíkamanum, fyrr en hver líkami er nægilega samstilltur öðrum líkömum. Það verður að reyna að skilja sambandseðli lífsins og möguleika þess til æ meiri og fullkomnari fegurðar og þroska. Ná æ meiri skilningi á lögmálum náttúrunnar.

Með uppgötvun minni á lífgeislun og fjargeislun milli

hnattanna, verður ljóst hver tilgangur lífsins er. Æ meiri og víðtækari samstilling lífendanna í alheimi er það, sem stefna ber að. Hvernig þetta getur tekist á hverjum hnetti, að ná hinni réttu samstillingu, er undir þekkingu og skilningsstigum mjög komið.

En sú magnan er erfiðust og vandmeðförnust, er glæðir mannlegt vit og þekkingu. Algeislandi guðleg viska, sem heiminn skapar og stjórnar náttúruöflunum meir en menn grunar til samstillingar og fullkomnunar, vekur mönnum hugmyndir um óendanlegan æðri mátt og kærleika. Skapandi viska og kraftur tilverunnar er algóður, alsamstillandi vilji guðs, his æðsta höfundar alls er hrærist í alheimi billjóna hnatta og heimshverfa. Er sú alheimsvera af efni og líkama gerð. Væri hinn versti og skaðlegasti misskilningur að ímynda sér guð án efnis og líkama. En það er svo fjarri því að guð sé efnisvana, að heimurinn er einmitt tilraun til samstillingar efnisins, og sköpunar guðlegs líkama.

Heimssamband lífsins og alsamband allrar tilveru er það sem Nýall er að leitast við að benda mönnum á, og gera mönnum ljósa þá möguleika og þýðingu sem það hefur fyrir framtíð mannkynsins, að samstillast í alheimi á vitsmunalegum grundvelli. Nýall er sú útfærsla líffræði og heimsfræði, sem mannkynið mest vanhagar um. En enginn mun geta neitað með réttu uppgötvunum Nýals á eðli meðvitundarinnar, sem mætti vel segja að séu náttúrufræðilegs eðlis. Sannleikurinn er sá að mannkynið er helstefnumannkyn. Það bendir margt til þess að ekki megi mjög lengi dragast að gjörbreyting eigi sér stað á framvindu lífsins á þessari jörð, svo að ekki fari sem síst skyldi. Leiðin til sigurs á helstefnunni er að stilla til vísindalegs sambands við lífstefnumannkyns á öðrum hnöttum. Með samtökum og samhug alls mannkyns er þetta mögulegt, og koma náttúrukraftinum í rétt jafnvægi og samræmi við hinn æðsta kraft. Sannleikurinn sigrar allar rangstefnur og glæðir hinn góða vilja og hið rétta hugarfar milljónanna, þegar hann verður þeginn, betur en enn hefur orðið á ykkar jörðu, helstefnujörð. Annars væri mannkynið á framfarabraut undir æðri leiðsögn íbúa annarra hnatta. Ég segi meira seinna, vertu sæll.

Sveinn Haraldsson

ritaði hverja setningu jafnöðum.

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.
Fram kom: Baldur hinn góði.

Er okkur ásum og ásynjum ljúft að veita ykkur þátt í styrk okkar á Íslandi.

Þar er fyrst skilið, að æsir eru goðkyn annars hnattar og annarra hnatta.

Það er sá skilningur, sem þarf að ryðja sér til rúms, fá viðurkenningu þjóðarinnar. .

Munu þá Íslendingar verða allra þjóða öflugastir, ef þeir rækta sambandið við Æsi á grundvelli þekkingar.

Og það eru möguleikar til, að allt mannkyn fái leiðsögn þeirra, er lengra eru komnir á öðrum hnöttum.

Það þarf slíkrar leiðbeiningar við, mannkyn á glötunarbarmi.

Það er hið sérstaka hlutverk Íslendinga að stilla til sambands við æðra tilverustig, sem megnar að afstýra voðanum.

*Gunnar Hjörvar
ritaði eftir segulbandsupptöku.*

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Fjall hins eilífa ljóss (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls.	74
Huldufólkið og bústaðir þess. I. A.	–	75
I. Efnisheimurinn og lífið	–	75
Huldufólk á öðrum bylgjulengdum. – Bylgju- lengdir dulhyggjumanna. – Merkilegasta set- ning fornaldar. – Bylgjutíðni stafar frá hlutum. – Lífgeislan - Fjarhrif - Fjarskynjun. – Álfa- byggðir og álfalandslag. – Hulduljóð.		
II. Aðrar sögur um huldufólk	–	80
Sýnir Matthíasar.		
III. Álfabyggðir	–	82
Frásagnir Erlu Stefánsdóttur. – Sambands- skynjanir.		
Sérkennileg sýn. V.H.S.	–	85
Þróun lofthjúps jarðar. 3. grein (með mynd)		
Dr. Þór Jakobsson	–	86
Tónverk án orða. Gunnar Hjörvar.	–	89
Sjálfheldan. Halldór Pjetursson.	–	90
Stjörnuþyrpingar og hallir. Þ. J.	–	93
Árið 1984. – Góðspáin og illspáin. Þorsteinn Guðjónsson.	–	94
Minningarorð um Kjartan R. Kjartansson. Þorsteinn Guðjónsson.	–	96

LJÓÐ:

Til vinar míns. Jónas Hallgrímsson.	–	99
Hvað býr í stjörnunum? Halla Eyjólfsdóttir.	–	100
Stjarna. Rósa B. Blöndals.	–	100

DRAUMAR:

Hellirinn fagri. – Draumur (með mynd). I.A.	–	101
---------------------------------------------	---	-----

SAMBANDSFUNDIR:

Sambandstal í einrúmi. Sveinn Har. ritaði.	–	105
Fyrir miðilsmunn. Gunnar Hjörvar ritaði.	–	107

MYR:

Spekiorð úr kenningum Palesar.	–	98
-------------------------------------	---	----